Krabbameinsfélagið
Framfarasjóður

Úthlutunarreglur
Framfarasjóðs Krabbameinsfélags Íslands

1. gr.
Tilgangur

Framfarasjóður Krabbameinsfélags Íslands hefur það hlutverk að styrkja ný verkefni sem stuðla að bættri þjónustu við fólk með krabbamein og aðstandendur þess, með og eftir krabbamein, og efla forvarnir gegn krabbameinum.

Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á verkefni sem fela í sér framfarir, nýsköpun og þróun eða umbætur sem geta skilað varanlegum ávinningi fyrir einstaklinga, samfélagið eða heilbrigðiskerfið.

2. gr.
Auglýsing og umsóknarfrestur

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, umsóknarform, fylgigögn og önnur atriði sem stjórn telur nauðsynlegt að tilgreina hverju sinni.

3. gr.
Hverjir geta sótt um

Einstaklingar, félagasamtök, stofnanir, fyrirtæki, rannsóknarhópar og aðrir lögaðilar geta sótt um styrki úr sjóðnum.

Krabbameinsfélag Íslands og aðildarfélög þess geta ekki sótt um styrki úr sjóðnum.

4. gr.
Verkefni sem koma til greina

Sjóðurinn getur meðal annars veitt styrki til verkefna sem:

- Bæta þjónustu við fólk með krabbamein við greiningu og meðferð
- Bæta þjónustu, stuðning eða endurhæfingu að lokinni krabbameinsmeðferð

- Efla stuðning við aðstandendur
- Þróa nýjar lausnir, verkferla, úrræði eða þjónustuleiðir fyrir krabbameinssjúklinga
- Stuðla að aukinni fræðslu og upplýsingagjöf um krabbamein
- Efla forvarnir gegn krabbameinum
- Skapa nýja þekkingu eða reynslu sem nýst getur á sviði krabbameinsmála
- Það verður metinn kostur við umsókn ef sjúklingur, aðstandandi eða fulltrúi þeirra á hlutdeild í verkefninu eða fyrir liggur mat sjúklings eða aðstandenda á hagnýtu gildi verkefnisins

Upptalning þessi er ekki tæmandi.

Sjóðurinn leggur fyrst og fremst áherslu á styrki til nýrra verkefna, þróunarstarfs og nýsköpunar og umbóta sem falla að markmiðum sjóðsins.

Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki almennan rekstur stofnana, félagasamtaka eða fyrirtækja. Heimilt er þó að veita rekstrartengdan styrk þegar um er að ræða nýjungar sem falla skýrt að markmiðum sjóðsins og ætla má að skili verulegum ávinningi fyrir fólk með krabbamein, aðstandendur þess eða forvarnir gegn krabbameinum.

5. gr.
Umsóknir

Umsókn skal að jafnaði innihalda:

- Heiti verkefnis
- Samantekt
- Upplýsingar um umsækjanda og framkvæmdaraðila
- Samstarfsaðila ef við á
- Markmið verkefnis, markhóp og væntan ávinning
- Framfara- og nýsköpunargildi
- Tímasetta framkvæmdaáætlun
- Kostnaðaráætlun og upplýsingar um aðra fjármögnun, eftir því sem við á
- Upplýsingar um hvernig árangur verkefnis verði metinn eða kynntur
- Framhald verkefnis
- Upplýsingar um hvort sjúklingur, aðstandandi eða fulltrúi þeirra á hlutdeild í verkefninu eða hvort fyrir liggi mat sjúklings eða aðstandenda á hagnýtu gildi verkefnisins

Stjórn sjóðsins eða fagráð getur óskað eftir frekari upplýsingum sé talin þörf á.

Fagráð
Fimm manna fagráð, skipað af stjórn Krabbameinsfélags Íslands samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins, fer yfir umsóknir og veitir stjórn sjóðsins umsögn um þær.

Fagráð skal meta umsóknir með hliðsjón af markmiðum sjóðsins og matsviðmiðum reglna þessara.

Umsagnir fagráðs eru ráðgefandi. Endanleg ákvörðun um úthlutun styrkja er í höndum stjórnar sjóðsins.

6. gr.
Matsviðmið

Að verkefnið stuðli að bættri þjónustu við fólk með krabbamein, aðstandendur þess eða forvörnum gegn krabbameinum.

Áhrif og ávinningur
Líklegs ávinnings fyrir markhópa verkefnisins og þeirra áhrifa sem verkefnið getur haft til skemmri eða lengri tíma.

Framfara- og nýsköpunargildi
Hvort verkefnið feli í sér nýja nálgun, nýja þekkingu, ný úrræði eða umbætur sem geta nýst til framtíðar.

Geta til að framkvæma verkefnið
Hvort markmið, skipulag, mannafli og framkvæmd verkefnis séu trúverðug og raunhæf.

Fjárhagslegar forsendur
Hvort kostnaðaráætlun og umsótt fjárhæð séu í eðlilegu samræmi við markmið og umfang verkefnisins.

Stjórn og fagráð geta jafnframt tekið tillit til annarra atriða sem talin eru þjóna markmiðum sjóðsins.

Ekki er gerð krafa um að umsóknir uppfylli öll framangreind matsviðmið. Fagráð og stjórn meta hverja umsókn heildstætt með hliðsjón af markmiðum sjóðsins, eðli verkefnisins, væntanlegum áhrifum þess og þeim fjármunum sem til úthlutunar eru hverju sinni.

Framvinduskýrsla
ef við á.

7. gr.
Úthlutun styrkja

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um styrkveitingar að fenginni umsögn fagráðs.

Stjórn getur:

- samþykkt umsókn að fullu
- samþykkt umsókn að hluta
- sett skilyrði fyrir styrkveitingu
- hafnað umsókn

Stjórn ákveður fjárhæð styrkja með hliðsjón af fjármagni sjóðsins, gæðum umsókna og markmiðum sjóðsins. Stjórn er ekki bundin af þeirri fjárhæð sem sótt er um.

8. gr.
Styrktímabil, dreifing greiðslna og skil á framvindu- eða lokaskýrslu

Styrktímabilið er ávallt eitt ár. Þegar verkefni hlýtur styrk er hann greiddur út á hverju ári í tveimur greiðslum. Fyrri greiðsla (70%) greiðist við úthlutun. Ef ætlunin er að senda inn framhaldsumsókn skal skila framvinduskýrslu en annars skal skila lokaskýrslu. Seinni greiðslu (30%) skal haldið eftir þar til framvinduskýrsla eða lokaskýrsla hefur borist stjórn og fagráð samþykkt að hún sé fullnægjandi.

9. gr.
Kynning og miðlun

Styrkþegar skulu samþykkja að upplýsingar um styrkveitingu, umsækjanda og meginatriði verkefnis séu birtar á heimasíðu sjóðsins eða öðrum miðlum hans.

Stjórn sjóðsins getur óskað eftir að niðurstöður verkefnis verði kynntar, í samráði við styrkhafa.

Við kynningu á verkefnum sem hljóta styrk úr sjóðnum skal þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr Framfarasjóði Krabbameinsfélags Íslands.

10. gr.
Skýrsluskil

Að styrktímabili loknu skal styrkþegi skila stuttri greinargerð um framkvæmd verkefnisins, helstu niðurstöður og ráðstöfun styrksins.

Stjórn sjóðsins getur óskað eftir frekari upplýsingum, gögnum eða fjárhagsuppgjöri telji hún þess þörf.

11. gr.
Vanhæfi

Stjórnarmenn og fulltrúar fagráðs skulu víkja sæti við meðferð umsóknar ef aðstæður eru þannig að óhlutdrægni þeirra geti talist vafasöm samkvæmt almennum reglum um hæfi.

12. gr.
Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar eru settar á grundvelli skipulagsskrár Framfarasjóðs Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn sjóðsins getur endurskoðað reglurnar og gert á þeim breytingar eftir því sem reynsla af starfsemi sjóðsins gefur tilefni til.